

## Tillaga til þingsályktunar

um bann við notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Flm.: Willum Þór Þórsson, Ásmundur Einar Daðason, Frosti Sigurjónsson,  
Líneik Anna Sævarsdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson,  
Vigdís Hauksdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Jón Gunnarsson,  
Valgerður Gunnarsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Birgitta Jónsdóttir,  
Kristján L. Möller, Oddný G. Harðardóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir,  
Brynhildur Pétursdóttir, Páll Valur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að setja bann við notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum. Ráðherra móti í kjölfarið áætlun sem miði að því að gúmmíkurlur úr dekkjum verði skipt út fyrir hættuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er nú að finna. Því verki verði lokið fyrir árslok 2016.

### Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að girða eins hratt og unnt er fyrir notkun eittraðra og ef til vill heilsuspillandi efna á svæðum sem m.a. eru ætluð til íþróttaiðkunar barna og unglunga. Að mati flutningsmanna tillögunnar er brýnt að gripið sé til aðgerða í þessa veru án tafar enda óréttlæt看legt að heilsu og öryggi barna sé teft í hættu á meðan beðið sé óyggjandi sannana fyrir skaðsemi efnanna.

### Þróun umræðunnar um dekkjakurl.

Gúmmíkurlur úr dekkjum hefur verið notað sem fyllingarefni á leik- og íþróttasvæðum hérlandis, einkum gervigrasvöllum til knattspyrnuíðkunar, um nokkurra ára skeið. Töluverð umræða fór fram um hugsanlega skaðsemi þessa kurls í kjölfar ályktunar Læknafélags Íslands á aðalfundi í október 2010, þar sem skorað var á stjórnvöld að banna notkun efnisins á íþrótt- og leiksvæðum þar sem það innihéldi „krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni“.

Í svörum umhverfisráðherra við fyrirspurnum Sivjar Friðleifsdóttur um notkun gúmmíkurls á 139. löggjafarþingi (125. og 411. mál) kom m.a. fram að ráðherra hygðist beina því til Umhverfisstofnunar að gefa út tilmæli um að leitast skyldi við að nota önnur efni við uppsetningu nýrra leik- og íþróttavalla og endurnýjun gamalla. Slík tilmæli hefðu gefið góða raun í Svíþjóð og Noregi. Ekkert varð hins vegar af þessum ráðagerðum og málið virðist hafa fallið í gleysku þar til Morgunblaðið birti grein eftir Ásdísi Ásgeirsdóttur undir yfyrskriftinni „EKKI eru öll kurl komin til grafar“ 13. september sl. Þar var vakin athygli á því að lítið hefði breyst á síðustu fimm árum og m.a. bent á að dekkjakurl væri á gervigrasvelli ÍR, sem þó væri aðeins fimm ára gamall. Jafnframt voru nefnd dæmi frá Bandaríkjunum sem renndu stoðum undir kenningar um skaðvænleg áhrif dekkjakurls á heilsu.

Í kjölfar birtingar greinarinnar var stofnaður þrýstihópur á netinu sem skorar á Reykjavíkurborg að hreinsa gervigrasvelli borgarinnar af gúmmíkurlur úr dekkjum. Telur hópurinn ríflega 1.000 manns. Á vegum hópsins var haldinn íbúafundur í Frostaskjólí 27. september

sl. þar sem skýrt kom fram að foreldrar barna sem iðka reglulega íþróttir á umræddum völlum hafa miklar áhyggjur og gera kröfu um að gripið sé til aðgerða. Sama dag sendi stjórn Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra, frá sér ályktun þar sem farið var fram á að sveitarfélög landsins réðust án tafar í endurnýjun valla „sem þaktir eru heilsuspillandi dekkjakurli svo börnin okkar geti leikið sér og þjálfað sína færni örugg og við heilsusamlegar aðstæður“.

### **Ályktun læknafélagsins.**

Í greinargerð með fyrrnefndri ályktun Læknafélags Íslands frá 2010 segir að meðal efna í dekkjakurli finnist benzapyren sem sé krabbameinsvaldandi, dietyxhexylftalat og butylbenzylftalat sem valdi ófrjósemi, fenol sem safnist fyrir í náttúrunni og hafi langtímaáhrif á hana, zink sem í vissum tilvikum sé eitrad fyrir lífverur og blý sem valdi ófrjósemi og skemmdum á taugakerfi. Börn séu sérstaklega næm fyrir áhrifum blýs.

Læknablaðið tók í kjölfar ályktunarinnar viðtal við framsögumann hennar, Þórarin Guðnason hjartalækni og fyrrum varaformann læknafélagsins. Þar sagði Þórarinn m.a.: „Í dekkjakurli eru krabbameinsvaldandi efni og önnur eiturefni sem geta verið hættuleg fyrir börn og aðra iðkendur íþrótta á gervigrasvöllum. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er mælt með takmörkun á notkun dekkjakurla vegna þessara efna. Slíkar takmarkanir eru í Þýskalandi og Svíþjóð. Norðmenn hafa rannsakað nokkuð og bent á hættuna á umhverfisáhrifum af kurlinu á nærlendi gervigrasvalla. Það er viðurkennt að í hjólbörðum eru ýmis eiturefni sem meðhöndla verður af varúð. Skýrar reglur eru til staðar um meðhöndlun og förgun ónýtra hjólbarda en þegar búið er að kurla dekkinn niður og dreifa þeim á íþróttasvæði barna og unglinga gilda reglurnar ekki. Þó er ljóst að eiturefnin eiga mun greiðari leið út í umhverfið úr dekkjakurlinu en þegar þau eru bundin í heila hjólbarda.“ Þórarinn ávarpaði fyrrnefndan íbúafund í Frostaskjóli 27. september sl. þar sem hann ítrekaði áður fram komin sjónarmið og gaf greinargott yfirlit yfir þau eiturefni sem óumdeilanlega er að finna í gúmmíkurli úr dekkjum.

### **Nauðsyn þess að grípa til aðgerða.**

Í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um gúmmíkurl úr dekkjum á 139. lögjafarþingi (125. mál) kom fram að dekk innihéldu ýmis hættuleg efni „svo sem arsen, ýmsa þungmálma, PAH, PCB, þalöt og fenól“. Jafnframt var tekið fram að ráðherra teldi ekki brýna nauðsyn á að banna dekkjakurl á íþróttavöllum, þar sem rannsóknir hefðu ekki sýnt fram á skaðsemi þess. Flutningsmenn þessarar tillögu eru ósammála þessari nálgun og telja börnin eiga að njóta vafans sem ríkir um skaðsemi dekkjakurla. Ekki sé unnt að réttlæta að taka áhættu sem þessa til að spara peninga þegar teft er um heilsu barna og ungmenna.

Reynslan hefur sýnt að vettlingatök duga ekki til árangurs í þessu máli. Umræðan fyrir fimm árum var af hinu góða og stuðlaði að vitundarvakningu en lítið hefur breyst. Vilyrði ráðherra um að sett yrðu tilmæli um notkun annarra efna en dekkjakurla á leik- og íþróttavöllum hafa jafnframt litlum árangri skilað og enn er dekkjakurl notað við uppsetningu nýrra valla. Því telja flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu ljósa nauðsyn þess að stíga skrefið til fulls, banna þegar í stað áframhaldandi dreifingu gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttasvæði héraendis og hefja í beinu framhaldi vinnu við að skipta efninu út fyrir önnur hættuminni efni.